



Stjórnarfundur AKÍS Fundargerð

Staður og tími: Zoom - 7. júní 2022 kl. 18:00

Mættir aðalmenn: Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Aðalsteinn Símonarson (AS), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Baldvin Hansson (BH), Halldór Jóhannsson (HJ)

Mættir varamenn: Jóhann Egilsson (JE), Sigurjón Andersen (SA).

Fundinn sat einnig Bergur Þorri Benjamínsson framkvæmdastjóri (BÞB).

Fjarverandi: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS) aðalmaður og Sigfús B Sverrisson (SBS) varamaður.

AS ritaði fundargerð.

1. Nýr framkvæmdastjóri

Fram var lagður ráðningarsamningur fyrir Berg Þorra Benjamínsson sem hóf störf sem framkvæmdastjóri 1. júní. Samningurinn var samþykktur samhljóða.

Samþykkt samhljóða að framkvæmdastjóri stýri stjórnarfundum framvegis.

2. Erindi frá Hauki Einarssyni dags. 26. maí 2022 og Aðalsteini Símonarsyni dags. 3. júní 2022

Skrifstofu sambandsins barst erindi frá Hauki Viðari Einarssyni varðandi óviðeigandi ummæli á samfélagsmiðlum. Niðurstaða umræðu um málið var að AKÍS hefið ekki vald til að taka á málinu en ákveðið var að sambandið sendi frá sér yfirlýsingu þar sem hvers konar ummæli sem innihalda móðgandi efni væru færdæmd, og einnig minnt á siðareglur AKÍS um samfélagsmiðla, <http://www.akis.is/wp-content/uploads/2013/04/Si%C3%B0areglur-AK%C3%8DS-fyrir-samf%C3%A9lagsmi%C3%B0la.pdf>.

Erindi barst frá AS þar sem óskað var eftir skýringu frá HRR varðandi fund um akstursíþróttir sem hún hefur í fjölmiðlum sagst hafði setið og verið beitt yfirgangi og dónaskap.

Ákveðið að fresta afgreiðslu málsins en fela formanni og framkvæmdastjóra að vinna að úrlausn málsins og leggja hana fyrir ekki seinna en á stjórnarfundum 21. júní.

3. Erindi frá Torg ehf

Borist hefur beiðni frá Torg ehf um heimild til þess að taka upp efni á akstursíþróttaviðburðum í sumar og nota í þáttagerð í haust. Stjórn fagnar áhuga sem Torg sýnir á akstursíþróttum og samþykkir fyrir sitt leyti að starfsfólk þeirra fái sambærilegan aðgang og annað fjölmiðlafólk og ljósmyndarar á viðburði í nafni sambandsins.

4. Fundur með Umhverfisráðherra um Umhverfisstofnun og rally

Framkvæmdastjóri sagði frá fundi með umhverfisráðherra sem settur var á af ráðherra með skömmum fyrirvara. Ráðherra tók vel í beiðni framkvæmdarstjóra um að hafa milligöngu um fund með forsvarsmönnum Umhverfisstofnunar. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa útbúa erindi til Umhverfisstofnunar í samráði við stjórn sambandsins og keppnisráðið í rally.



5. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir.

Næsti fundur á Zoom 21. júní kl. 18.00

Fundi slitið kl. 19.58